

Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

Norðurþing

Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 27. maí 2015
UST201505-003/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030. Breytt landnotkun á Húsavíkurhöfða.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 vegna tillögu að breyttri landnotkun á Húsavíkurhöfða.

Í lýsingu kemur fram að fyrirhugað er að breyta landnotkun á Húsavíkurhöfða úr athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Verslunar- og þjónustusvæði

Í lýsingu kemur fram á Húsavíkurhöfða séu uppsprettur og borholur er gefi 60° - 90° heitt salt jarðhitavatn. Einnig kemur fram að meginmarkmið með tillögu að breytingu á aðalskipulaginu sé að þá verði hægt að bjóða upp a lóðir fyrir baðstaði, hótél og aðrar þjónustubyggingar fyrir ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun telur ofangreinda breytingu jákvæða og bendir á að landnotkunin verslunar- og þjónusta fellur betur að íbúðabyggð austan Höfðavegar.


Borholur og jarðhitavatn


Umhverfisstofnun bendir á að borun eftir jarðhita á lágheitsvæðum er tilkynningaskyld framkvæmd.

Göngustígar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlaður göngustígur meðfram klettótttri strönd á svæðinu verði felldur inn í nýtt deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri